Reykjavíkurborg
Endurskoðunarnefnd

Reykjavík, 3. október 2025
IER25080008
KHV

Borgarráð

*Frá fundi endurskoðunarnefndar 3. október 2025 – Umsögn IER um úttekt á veikindahlutfalli*

Á fundi endurskoðunarnefndar í dag, 3. október 2025, var lögð fram umsögn Innri endurskoðunar og ráðgjafar, dags. 24. september 2025, um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 14. ágúst 2025, um úttekt á veikindahlutfalli.

Ingunn Ólafsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

Samþykkt og vísað til borgarráðs.

Kristín Henley Vilhjálmsdóttir
*e.u.*

*Hjálagt:*
Umsögn IER um tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, dags. 24. september 2025

Reykjavík, 24. september 2025
IER25080008 / MSS25080034
IÓ/KHV

Borgarráð
Ráðhús Reykjavíkur
101 Reykjavík

## Umsögn IER um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úttekt á veikindahlutfalli

Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins, sem lögð var fram í borgarráði þann 14. ágúst 2025, var send Innri endurskoðun og ráðgjöf Reykjavíkurborgar (IER) til umsagnar. Tillagan hljóðar með eftirfarandi hætti:

> ,,Borgarráð samþykkir að fara þess á leit við innri endurskoðun Reykjavíkurborgar (IER) að framkvæma úttekt á veikindaréttindum borgarstarfsmanna, veikinda-hlutföllum og þeim kostnaði sem af veikindum hlýst. IER verði falið að kortleggja stöðuna á hverju sviði fyrir sig og kynna leiðir til úrbóta.“

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að veikindahlutfall starfsmanna Reykjavíkurborgar hafi verið 7,7% árið 2023 og kostnaður borgarsjóðs vegna veikinda verið um 6 milljarðar árið 2023 og 6,2 milljarðar árið 2024. Telja fulltrúar brýnt að kallað verði eftir úttekt innri endurskoðunar Reykjavíkurborgar á veikindahlutfalli starfsmanna Reykjavíkurborgar, þar sem staðan og framkvæmdin verði kortlögð og leiðir til úrbóta útlistaðar.

### *Val og forgangsröðun úttekta í innri endurskoðunaráætlun Reykjavíkurborgar*

Í 6 gr. samþykktar Innri endurskoðunar og ráðgjafar Reykjavíkurborgar og innri endurskoðanda, sem samþykkt var í borgarstjórn í júní 2021, kemur fram að verkefnaval og forgangsröðun verkefna IER skuli byggja á áhættumiðaðri áætlun. Áætlunin skal vera í samræmi við meginmarkmið borgarstjórnar og skal innri endurskoðandi leggja áætlun fyrir A hluta fyrir endurskoðunarnefnd til staðfestingar og til kynningar í borgarráði.

Verklag við gerð innri endurskoðunaráætlunar er með þeim hætti að viðfangsefni úttekta eru valin út frá áhættumati sem byggir á því hversu miklu fjármagni er veitt til endurskoðunarlegra eininga, viðkvæmni þeirra, áhyggjum stjórnenda, kjörinna fulltrúa og borgarbúa og styrkleika innra eftirlits. Við gerð áhættumats er meðal annars haft samráð við ytri endurskoðendur, lykilstjórnendur og oddvita allra flokka í borgarstjórn til að öðlast skilning á helstu stefnum og markmiðum og tengdri áhættu. Þetta er gert til að forgangsraða úttektum sem líklegastar eru til að skila mestum ávinningi fyrir starfsemi Reykjavíkurborgar og styðja við umbætur í

Innri endurskoðun og ráðgjöf

stjórnsýslu og rekstri þar sem fjöldi úttekta og umfang þeirra tekur einnig mið af þeim mannafla og fjármagni sem skrifstofan hefur til umráða á hverjum tíma.

Í 2. gr. samþykktarinnar kemur fram að borgarráð getur falið innri endurskoðanda að vinna úttekt á tilteknum þáttum í rekstri Reykjavíkurborgar. Veigameiri breytingar og frávik á innri endurskoðunaráætlun skal afgreiða með sama hætti og ef um frumáætlun væri að ræða.

Fyrirhugað er að hefja vinnu í október við gerð innri endurskoðunaráætlunar Reykjavíkurborgar fyrir árin 2026-2027 og stefnt að því að leggja áætlunina fyrir endurskoðunarnefnd fyrir lok árs 2025. Ofangreind tillaga mun nýtast sem efniviður við gerð áhættumatsins og verður efni hennar metið í þeirri vinnu sem framundan er.

Virðingarfyllst,

Ingunn Ólafsdóttir
*starfandi innri endurskoðandi Reykjavíkurborgar*